



# Framhaldsskólinn á Húsavík

Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki

## Skólanefndarfundur – fundargerð Þriðjudaginn 27. febrúar 2018 . Kl. 16:15

**Mættir :** Herdís Sigurðardóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, varamaður Sigurgeirs, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Arna Ásgeirsdóttir og Auður Jónasdóttir, varamaður Valdimars sem ritar fundargerð. Fjarverandi var fulltrúi nemenda, Ruth Þórarinsdóttir.

1. Kynning á Cristal-verkefninu
2. Rekstur
3. Verkferill um móttöku grunnskólanema
4. Stefnur og áætlanir
5. Breyting á skólareglum varðandi skólasókn
6. Dillidagar/fardagar
7. Önnur mál.

**1. Kynning á Cristal – verkefninu.** Helena og Ada sögðu frá ferð sinni til Svíþjóðar þar sem þær heimsóttu framhaldsskóla sem leggur áherslu á hópastarf og nýsköpunar og frumkvöðlafræði.

**2. Rekstur** Herdís fer yfir reksturinn í janúar sem lítur þokkalega út miðað við innkomnar tölur en einhverjar eiga eftir að detta í hús.

**3. Verkferill um móttöku grunnskólanema.** Herdís lagði fram skjal um verklagsreglur varðandi grunnskólanema sem stunda nám í stökum áföngum í FSH.

**4. Stefnur og áætlanir.** Herdís leggur fram 2 áætlanir til samþykktar. Áætlun um óveður/ófærð og móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, báðar samþykktar af skólaráði.

**5. Breyting á skólareglum varðandi skólasókn.** Herdís rifjar upp hversu léleg mæting nemenda hefur verið á síðustu önn og fer yfir breytingatillögur á skólareglum varðandi skólasókn. Miklar umræður um málið. Nefndarmenn komu með hugmyndir að verðlaunum fyrir nemendur með góða mætingu.

**6. Dillidagar/fardagar.** Engir nemendur koma hingað og lítil aðsókn milli annarra skóla.

## 7. Önnur mál.

Ekkert komið út úr samstarfsverkefni milli FSH og Lauga varðandi kennslu. Samstarfs milli nemenda skólanna hefur komið vel út. Góð þátttaka Lauganema fyrir áramót í leikrit í FSH. Lauganemendur mættu vel á kaffihúsakvöld hér fyrir jól, okkar nemendur eru á leið í heimsókn til þeirra og einhverjir eru að taka þátt í Tónkvíslinni.

Ársfundur Samnor verður haldinn föstudaginn 20.apríl 2018, þar sem umfjöllunarefnið er „fjórða iðnbyltingin“ Ásta Svavarsdóttir kennari mun flytja erindi um hvernig hún notar forritið Plotagon í kennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og Herdís mun kynna Cristalverkefnið.

Foreldrafundur - Kynningarfundur fyrir foreldra nemenda 10 bekkjar úr Borgarhólsskóla verður á morgun.

Stjórnarmenn biðja um að Herdís sendi skjöl sem leggja skal fyrir fundinn með fundarboði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00